

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 5. mars 2019
MÍ201901-0004/ 6.09 / K.M.

Efni: Fiskalón í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Með bréfi dags. 02.01.2019 veitti Minjastofnun Íslands umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir Fiskalón í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er um 9,3 ha. Á svæðinu er skipgreindar þrjár lóðir. Á tveimur lóðanna, B og C, standa nú þegar íbúðarhús. Lóð A er beggja vegna við Þorlákshafnarveg. Þar hefur verið starfrækt seiðaeldisstöð í nokkra áratugi. Áformað er að halda áfram seiðaeldi á lóðinni, byggja yfir eldisker, og auka framleiðsluna um 80 tonn, þannig að hún verði allt að 100 tonn á ársgrundvelli.

Ekki liggja fyrir skráðar upplýsingar um fornleifar á svæðinu. Í fyrri umsögn Minjastofnunar kom fram að starfsmaður Minjastofnunar Íslands hefði skoðað deiliskipulagssvæðið á vettvangi og að í hallanum í norðvestur enda skipulagssvæðisins væru steinhlaðnir garðar á milli stórra steina eða klappa í brekkunni.

Garðarnir voru mældir upp og taldi Minjastofnun að færa þyrfti útlínur garðanna inn á skipulagsuppdrátt. Minjastofnun Íslands óskaði eftir að fá deiliskipulagstillöguna aftur til umsagnar þegar garðarnir hefðu verið færðir inn á deiliskipulagsuppdráttinn.

Minjastofnun Íslands hefur nú borist nýr uppdráttur og greinargerð vegna deiliskipulags fyrir Fiskalón. Staðsetning og útlínur garðanna eru sýndar á uppdrættinum og fjallað er um fornleifarnar í greinargerðinni. Görðunum stafar ekki hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi fyrir Fiskalón í Sveitarfélaginu Ölfusi eins og hún var kynnt stofnuninni með uppdrætti og greinargerð dags. 07.11.2018, með breytingum dags. 01.03.2019. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00


www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:

Sigurður Ósmann Jónsson (sigurdur@olfus.is)

Guðmundur Gunnarsson arkitekt (guðmundur@urban.is)